

Tennissamband Íslands

Mættir: Helgi, Bragi, Gunnar, Raj, Jónas og Júlíana.

Fundarefni:

1. **Reikningar:** Helgi hefur beðið Þránd um að senda út reikninga á keppnisfólk sem á eftir að greiða v. mótsferða, TSÍ rukkar 35 þúsund kr á hvern keppenda sem farið hefur í keppnisferð á vegum TSÍ á árinu.
2. **Landsliðsmálin:** hugmynd um að nota vallartíma til að þjálfa landsliðskrakkana í að keppa innbyrðis í stað þess að mæta á landsliðsæfingar. Jónas er að skipuleggja áskorendakeppni, hugmyndin um að hafa 12 riðla og 3 séu í hverjum riðli á einum velli (tveir keppa og einn dæmir hverju sinni eitt sett). Rætt um að nýta útvellina þegar veður leyfir og Jónas er með lausa velli í höllinni sem Tennishöllin og TSÍ munu komast að samkomulagi með greiðslu á. Einnig hafa Carola og Anna séð um landsliðsæfingar fyrir stelpurnar kl. 19:30 á mánudagskvöldum, Jónas er tilbúinn að gefa þá tíma en TSÍ myndi þá greiða þjálfaralaun.

Áskorendakeppnin yrði á eftirfarandi tímum:

- | | | |
|--------|-----------------------------|-----------------------|
| a.i. | Fimmtudagar kl. 20:30-23:30 | tveir riðlar |
| a.ii. | Laugardagar kl. 8:00-9:30 | tveir riðlar |
| a.iii. | Laugardagar kl. 20:30 | þrjú riðlar |
| a.iv. | Sunnudagar kl. 10:30 | einn til tveir riðlar |
| a.v. | Sunnudagar kl. 19:30-21:30 | tveir riðlar |

3. **Fjölmiðlamálin:** Stjórn TSÍ þarf að finna einhverja leið til að fá umfjöllun um tennis, gera íþróttina áhugaverðari fyrir fjölmiðlafólk.
4. **Koma Hrvoje til landsins:** Hann kemur seinni part mánudags, 12. september (lendir 15:35) og fer snemma morguns þann 15. september. Það þarf að fá einhvern til að sækja hann og koma honum upp á hótél og ætla Jónas að ath. það mál. Helgi ætla að hitta hann og vera með honum um kvöldið. Enn óljóst með hvar skuli útvega matinn fyrir hann á meðan dvölinni stendur, er verið að ath. Gyllta hanann. Bragi ætla að panta borð á Hótel Holti þriðjudaginn 13. Sept. kl. 12:00-14:00 – matur, kaffi og fundur eftir matinn. Jónas ath. hvort Hrvoje geti æft í Sporthúsinu þessa daga. Jónas, Júlíana og Jón Axel sjá um að finna tíma fyrir Hrvoje til að fylgjast með þjálfurum og æfingum hjá u. 9 ára /13 ára bestu spilurunum. Einnig finna stað og tíma fyrir námskeið sem Hrvoje ætla að halda fyrir tennisþjálfarana.

Dagsskrá Hrvoje dagana 12.-15. september:

12. sept. mánudagur :

- | | |
|-----------|--|
| Kl. 15:35 | Hrvoje kemur til landsins |
| Kl. 19:00 | Helgi formaður TSÍ fer með Hrvoje í kvöldmat |

13. sept. þriðjudagur :

Kl. 9:30-11:30 u9 og u13 ára	Hrvoje fylgist með þjálfun fjögurra bestu spilara
Kl. 12:00-14:00 TSÍ	Hádegisverður á Holtinu og fundur með stjórn
Kl. 18:00-19:00	Jón Axel og Jónas fara með Hrvoje út að borða
Kl. 19:30-21:00 vegum Raj	Fyrirlestur í fundarsal ÍSÍ um markmiðsetningu á

14. sept. miðvikudagur :

Kl. 11:00-13:00	Námskeið fyrir tennisþjálfara í fundarsal ÍSÍ
Kl. 13:00-14:00	Fundur í sal ÍSÍ með Íþróttasambandi Íslands.
Kl. 14:00-15:50	Fundur í sal ÍSÍ með deildarforseta íþróttadeildar innan Háskóla Íslands.
Kl. 15:00-16:10	Hrvoje fylgist með ólíkum tennisþjálfurum þjálfra á æfingum í Tennishöllinni
Kl. 19:00-21:00	Kvöldverður með stjórn TSÍ

15. sept. fimmtudagur :

Kl. 07:25	Hrvoje á flug frá Íslandi
-----------	---------------------------